

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp
borgarstjórnar**

Árið 2024, þriðjudaginn 25. júní kl. 10:00 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1164. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 3. hæð Borgartúni 12-14, Gjáin.
Fundinn sátu: Brynjar Þór Jónasson, Edda Þórsdóttir og Sigurður Stefán Karlsson.
Fundarritari var Guðrún Ósk Hrólfsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Austurbakki 2 - USK24030124
Sótt er um leyfi til að breyta matshlutanúmerum í bílakjallara Hörpunnar á lóð nr. 2 við Austurbakka.
Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.
2. Blikastaðavegur 2-8 - USK23030218
Sótt er um leyfi að breyta innra skipulag atvinnuhúsnæðis, þar sem millipallur er byggður yfir stækkaðri stafmannaaðstöðu á svæði 2 í bil nr2 við lóð .2-8 við Blikastaðavegur.
Stærðir :
Millipallur
Fermm. 129,6

Frestað. Vísað til athugasemda.
3. Bronsslétta 3 - USK24060070
Sótt er um að byggja geymsluhúsnæði úr límtré og yleiningum á lóð nr. 3 við Bronssléttu.
Erindi fylgir hæðarblað dags.13.08.2021
Stærðir:
Ferm. 1.346,9 rúmm. 6.873,8
Gjald kr.15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.
4. Bíldshöfði 7 - USK24030214
Sótt er um leyfi til að byggja 448,7 ferm og 2709,9 rúmm atvinnuhúsnæði á einni hæð mhl. 28 úr vottuðum forsteyptum samlokueiningum fyrir skrifstofur, verslun og lager á lóð nr. 7 við Bíldshöfða. Erindi fylgir gátlisti dags.12.03.2024 og greinagerð hönnunarstjóra dags. 12.03.2024. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. maí sl., fylgir erindi.
Gjald kr.15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Niðurrif er komið má sennilega samþykkja.
5. Bíldshöfði 7 - Niðurrif - USK24060019
Sótt er um leyf fyrir niðurrif á MHL01 og MHL05 á lóð nr.7 við Bíldshöfða.
Erindi fylgir endurnýtingaráætlun dags. maí 2024.
Gjald kr.15.400

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

6. Freyjugata 45 - USK24020245

Sótt er um leyfi til þess að breyta eignarhaldi þannig að kjallarainngangur á austurhlíð verður sér inngangur að íbúð 0001, rými 0003 í kjallara verður hluti af íbúð 0001, þvottahúsi er breytt í geymslu og innra skipulagi er breytt í íbúðum 0001 og 0101 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 45 við Freyjugötu.
Gjald kr. 15.400

Frestað. Vísað til athugasemda.

7. Fálkagata 20B - USK24060103

Sótt er um heimild að stækka garðskála í einbýlishús á lóð nr. 20B við Fálkagötu Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23.maí 2024.
Stækkun:
Ferm. 7,4 Rúmm. X,X
Gjald kr.15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

8. Goðheimar 21 - USK24040120

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í fjölbýlishús og bæta við bílastæði á lóð nr. 21 við Goðheima.
Erindi fylgir yfirlit breytinga og samþykki meðeiganda dags.12. desember 2023. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. júní sl., fylgir erindi.
Gjald kr.15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.Vísað í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. júní 2024.

9. Grenimelur 45 - USK24050327

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum vegna nýs eignaskiptasamnings í húsi nr. 45 við Grenimel.
Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

10. Grettisgata 20A - USK24050253

Sótt er um leyfi að fjölga eignum, gera 3 íbúðir í íbúðarhúsi, mhl.01, rífa núverandi stigahús og byggja viðbyggingu á tveimur hæðum auk kjallara og svala til suðurs og byggja nýbyggingu á tveimur hæðum auk kjallara með tveimur íbúðum, mhl.02, á suðurhluta lóðar nr. 20A við Grettisgötu.
Stækkun Mhl.01: xx.x ferm., xx.x rúmm.
Stærð Mhl.02: xx.x ferm., xx.x rúmm.
Erindi fylgir umsagnir Minjastofnunar varðandi mhl.01 dags. 8. febrúar 2023 og mhl.02 dags. 15. júní 2023 og 22. október 2023, afrit af tillögu að deiliskipulagsbreytingu á teikningu 1125-00-01a dags. 16. febrúar 2024, hæðablað dags. september 2014 og yfirlit breytinga á aðaluppdrætti, sem fallin er úr gildi, samþykktum 24. janúar 2017.
Gjald kr. 15.400

Frestað. Vísað til athugasemda.

11. Grettisgata 20A - niðurrif - USK24060182

Sótt er um leyfi til þess að rífa bakhús, skráð sem gripahús, mhl.02, vegna fyrirhugaðrar nýbyggingar á lóð nr. 20A við Grettisgötu.
Erindi afgreiðist samhliða erindi USK24050253.
Stærð mhl.02: xx.x ferm., xx.x rúmm.
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 15. júní 2024.
Gjald kr. 15.400

Frestað. Vísað til athugasemda.

12. Grettisgata 20B - USK24060181

Sótt er um leyfi til þess að rífa núverandi stigahús og byggja viðbyggingu á tveimur hæðum auk kjallara og svala til suðurs á íbúðarhúsi á lóð nr. 20B við Grettisgötu.
Afgreiðist samhliða erindi USK25050253, sem fjallar um samskonar framkvæmir fyrir aðliggjandi hús á lóð nr. 20A við Grettisgötu.
Stækkun: xx.x ferm., xx.x rúmm.
Erindi fylgir umsagnir Minjastofnunar varðandi mhl.01 dags. 8. febrúar 2023 og mhl.02 dags. 15. júní 2023 og 22. október 2023, afrit af tillögu að deiliskipulagsbreytingu á teikningu 1125-00-01a dags. 16. febrúar 2024, hæðablað dags. september 2014 og yfirlit breytinga á aðaluppdrætti, sem fallin er úr gildi, samþykktum 24. janúar 2017.
Gjald kr. 15.400

Frestað. Vísað til athugasemda.

13. Hestháls 6-8 - USK24050269

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23050248 með því að byggja viðbyggingu 0105 sem lyftarageymslu í húsi nr. 6-8 við Hestháls.
Stærð á viðbyggingu II, 75,1 ferm og 352,5 rúmm. Erindi fylgir gátlisti vegna aðaluppdráttu. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. júní sl., fylgir erindi.
Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda. Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.

14. Hlíðarendi 14 - USK24050359

Sótt er um leyfi til að byggja þjónustu/tæknirými sem þjónustar gervigrasvöll Vals á Hlíðarenda, nánar tiltekið á lóðinni Hlíðarendi 14.

Frestað. Vísað til athugasemda.

15. Hrafnhólar Gistiheimili - MHL 12 - USK24030276

Sótt er um leyfi til að byggja átta gistirými úr forsteyptum einingum sem verða mhl. 12 á lóðinni Hrafnhólar.
Stærðir:
Ferm. 291,0 rúmm. 1.188,4
Gjald kr. 15.400

Frestað. Vísað til athugasemda.

16. Hrafnhólar Gróðurhús - MHL13 - USK24030275

Sótt er um leyfi fyrir gróðurhús MHL13 á lóð við Hrafnhólar
Erindi fylgir greinagerð brunahönnuður dags.20.3.2024 greinagerð hönnuður
Stærðir:
Ferm. 153,0 Rúmm. 578,5
Gjald kr. 15.400

Frestað. Vísað til athugasemda.

17. Hrafnhólar geymsla - MHL10 - USK24030274
Sótt er um leyfi til stækka núverandi aðstöðuhús/geymslu mhl. 10 á lóð Hrafnhóla. Erindi fylgir greinagerð hönnuða ódags. Minnisblað Örugg verkfræðistofu dags. 20.mars. 2024 og eignarheimild yfir Hrafnhóla L125690/F2085246.
Stærðir:
Fyrir breytingu:
Ferm. 48,6 rúmm.171,5
Eftir Breytingu:
Ferm. 88,0 rúmm. 311,0
Gjald kr.15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

18. Hraunberg 4 - USK24050254
Sótt er um leyfi að breyta skrifstofurými í íbúð í fjölbýlishús á lóð nr. 4 við Hraunberg
Gjald kr.15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

19. Hverfisgata 6 - USK23090291
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN052754 með því að breyta innra skipulagi á 2. og 3. hæð húss á lóð nr. 6 við Hverfisgötu. Gjald kr. 14.500.

Frestað. Vísað til athugasemda.

20. Háaleitisbraut 119 - USK24040038
Sótt er um leyfi til að byggja 25 ferm og 82,5 rúmm bílageymslu á lóð nr. 119 við Háaleitisbraut.
Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé gerð, þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi. Eignaskiptayfirlýsandi þarf að senda staðfestingu á að byrjað sé að gera eignaskiptayfirlýsinga á eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is fyrir útgáfu byggingarleyfis. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

21. Hólmsland - USK24050227
Sótt er um niðurrif á húsnæði og geymslu. Húsnæðið er hættulegt í því ástandi sem það er nú.
Gjald kr. 15.400

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

22. Höfðabakki 9 - USK24040163
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi á 1. hæð í suðausturenda í mhl. 04 í atvinnuhúsnæði á lóð nr.9 við Höfðabakka
Erindi fylgir yfirlit breytinga dags.1. september 2021.
Gjald kr.15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

23. Laugavegur 27B - USK24030201

Sótt er um leyfi fyrir að breyta notkun úr atvinnuhúsnæði í veitingastað í fl. ll. teg. e og opna á milli rýma/fasteigna, loka milli hæða þar sem áður var lager á neðri hæð og íbúð fyrir ofan og gera innanhússbreytingar sem snúa að rýmum 0214, 0215, 0216, 0217, 0319, 0218, 0221, 0222, 0223 í húsi nr. 27B við Laugaveg.
Erindinu fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. maí 2024.

Frestað. Vísað til athugasemda.

24. Laugavegur 35 - USK24050090

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059397 og sameina lóðirnar Vatnsstíg 4, Laugaveg 33 og Laugaveg 35 og sameina í einn matshluta allar byggingar, breyta í hótélíbúðir Laugavegi 35 og tengja efri hæðum Laugavegar 33 þar sem einnig verður hótélrekstur, innréttu skrifstofu og móttöku hótels í gamla húsinu við Vatnsstíg sem verður Vatnsstígur 2, þak yfir stigahúsi verður hefðbundið sperrupak í stað glerþaks, innréttu gistirými í vinnustofu í Laugavegi 35A, mhl. 02 ásamt ýmsum minni háttar breytingum á innra skipulagi og útliti húsa á lóð nr. 35 við Laugaveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga, yfirlýsing um flutning friðaðs húss dags. 14. maí 2024, greinargerð um ábyrgðarsvið hönnuða dags. 17. október 2023 og umboð hönnuðar dags. 14. maí 2024.

Jafnframt er erindi USK23100214 dregið til baka.

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé gerð, þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi. Eignaskiptayfirlýsandi þarf að senda staðfestingu á að byrjað sé að gera eignaskiptayfirlýsinga á eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is fyrir útgáfu byggingarleyfis. Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

25. Leiðhamrar Dofri - USK24050226

Sótt er um niðurrif á húsnæði. Húsnæðið er ónýtt og hættulegt í því ástandi sem það er nú.

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

26. Lág múli 5 - USK24040212

Sótt er um leyfi að breyta innra skipulagi læknastofu á 2. og 3. hæð í skrifstofubyggingu á lóð nr. 5 við Lág múla.

Erindi fylgir Lóðaruppráttur 1.261.3, dags. 9 nóvember 2020. Greinargerð brunavarna dags. 27. maí 2024.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

27. Rafstöðvarvegur 14 - USK24060129

Sótt er um að breyta erindi BN061824 þannig að flóttaleið 1. hæðar breytist á lóð nr. 14 við Rafstöðvarveg

Erindi fylgir yfirlit breytingar dags. 31. október 2023

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

28. Seljavegur 1 - USK24060020
Sótt er um að breyta erindi USK23100361 þannig að húsið verður úr forsteyptum einingum og gluggum breytt á lóð nr. 1 við Seljaveg.
Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

29. Skipholt 33 - USK24040165
Sótt er um leyfi til að innrétta veitingastað í fl. II, teg. f og samkomusal fyrir 270 gesti í húsi á lóð nr. 33 við Skipholt. Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

30. Skólavörðustígur 24A - USK24010242
Sótt er um leyfi að byggja hæð ofan á hús á lóð nr. 24A við Skólavörðustíg
Erindi fylgir yfirlit breytinga og yfirlýsing vegna lóðarmarka Skólavörðustígs 24 og Lokastígs 9, Reykjavík. dags. 29. október 2015.

Stærðir:

Fyrir breytingu:

Ferm. 134,8 Rúmm.

Eftir breytingu:

Ferm. 182,1 Rúmm. 624,9

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

31. Snorrabraut 29 - USK24040297
Sótt er um leyfi að breyta innra skipulag í atvinnuhúsnæði og innrétta veitingastað í flokki II tegund(a) á lóð nr. 29 við Snorrabraut.
Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

32. Snorrabraut 56 - USK24050329
Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23030200 vegna lokaúttektar á hús nr. 56 við Snorrabraut.
Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

33. Sogavegur 34 - USK24050067
Sótt er um leyfi til þess að byggja nýtt anddyri og stækka þvottahús með viðbyggingu til austurs, stækka borðstofu með því að byggja undir svalir til vesturs og stækka stofu með því að byggja sólskála við vesturhlið 1. hæðar í einbýlishúsi á lóð nr. 34 við Sogaveg.
Erindi fylgir samþykki eigenda íbúðar 0101 dags. 9. júní 2024, Teikningaskrá með aðaluppdráttum og yfirlit breytinga á aðaluppdrætti samþykktum 30. júní 1955.

Stækkun: 24.0 ferm., xx.x rúmm

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Lagfæra skráningu.

34. Stálhöfði 2 - USK24050360
Sótt er um leyfi til þess að byggja einn matshluta, þrjú 3-6 hæða fjölbýlishús með 144 íbúðum og sameiginlegum bílakjallara á tveimur hæðum með alls 85 bílastæðum á lóð nr. 2 við Stálhöfða.
Stærð: 19.19.589.6 ferm., 53.998.5 rúmm.
Nýtingarhlutfall: 4.08
Erindi fylgir mæliblað 4.034.2 dags. 15. ágúst 2022 og hæðablað dags. 20. júní 2022.
Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til skipulagsfulltrúa til umsagnar.

35. Suðurlandsbraut 10 - USK24060130
Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN060946, með síðari breytingu USK24020153 vegna lokaúttektar þannig að brunatexti er uppfærður vegna veggjarklæðningar á veitingastað í flokki II, teg a, fyrir alls 47 gesti í rými 0101 á 1. hæð í skrifstofu- og verslunarhúsi, mhl.01 við Suðurlandsbraut 10 á lóð nr. 8 við Suðurlandsbraut.
Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 1. nóvember 2022.
Gjald kr. 15.400.

Samþykkt.Samræmist ákvæðum laga nr. 160/2010.Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

36. Síðumúli 23 - USK24050331
Sótt er um leyfi að breyta innra skipulagi í skrifstofuhúsnæði á lóð nr. 23 við Síðumúla.
Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

37. Urðarstígur 16 - USK24040268
Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi vegna endurnýjunar á rekstrarleyfi gististaðar í flokki? tegund? fyrir allt að 10 gesti í íbúðum 0101 og 0201, bæta við björgunaropi fyrir ósamþykka íbúð í kjallara, flóttaleið um brú yfir niðurgrafna verönd meðfram austurhlið íbúðarhúss á lóð nr. 16 við Urðarstíg. Erindinu fylgir greinagerð brunavarna dags. 23. apríl 2024.
Gjald kr. 15.400.

Frestað.Vísað til athugasemda.

38. Vatnsholt 9 - USK24060036
Sótt er um leyfi fyrir endurgerð innanhúss endurnýjun glugga, flóttastiga og svölum á 2.hæð í skólahúsnæði á lóð nr. 9 við Vatnsholt.
Gjald kr.15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

39. Vatnsstígur 12 - USK24060064
Sótt er um leyfi fyrir tvö steinsteypt fjölbýlis með timburþaki sem verða stúdentagarðar með 7 íbúðarherbergi í sitt hvort húsið á lóð nr. 12 við Vatnsstíg.
Erindi fylgir mæliblað dags. 2.desember2022
Stærðir:
Ferm.410,0 Rúmm. 1328,6
Gjald kr.15.400.

Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

40. Vatnsstígur 20-22 - USK24040170
Sótt er um leyfi til að útbúa aðstöðu fyrir húsvörð í hluta af bílakjallara í húsi nr. 20-22 við Vatnsstíg. Erindi fylgir yfirlit breytinga 19. janúar 2016 og 10. mars 2020 og samþykki f.h. húsfélagssins dags. 16. apríl 2024.
Gjald kr.15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

41. Vesturgata 30 - USK24060132
Sótt er um leyfi til endurbóta, nýbygginga og niðurrifs í þremur áföngum; Í 1. áfanga eru gerðar endurbætur, niðurrif á stigahúsi og breytingar á núverandi íbúðarhúsi í samráði við Minjastofnun og mhl.05 byggður sem er sameiginlegt tæknirými í kjallara, í 2. áfanga eru byggð tvö hús, mhl.02 einnar hæðar timburbygging og mhl.03 sem einnig er einnar hæðar timburbygging, í 3. áfanga er mhl.04 sem er nýtt tveggja hæða steinsteypt íbúðarhús með kjallara og risi. Alls eru 4 íbúðir og atvinnurými í kjallara mhl.01, ein íbúð í mhl.02, ein íbúð í mhl.03 og í mhl.04 eru tvær íbúðir og atvinnurými í kjallara, á lóð nr. 30 við Vesturgötu.

Afgreiðist samhliða erindi USK24060133 þar sem sótt er um niðurrif.

Samskonar erindi BN057209 var samþykkt 10. mars 2020, en er fallið úr gildi og nú sótt um að nýju.

Erindi fylgir hæðarblað og hluti af lóðarupprætti 1.131.2 dags. 24. febrúar 2024.

Stærðir eftir breytingu:

Mhl.01: 229,1 ferm., 665,1 rúmm.

Mhl.02: 57,8 ferm., 198,0 rúmm.

Mhl.03: 43,9 ferm., 180,8 rúmm.

Mhl.04: 227,6 ferm., 699,9 rúmm.

Mhl.05: 7,6 ferm., 22,3 rúmm.

Samtals stækkun: 209,6 ferm., 807,5 rúmm.

Gjald kr. 15.400.

Frestað.Vísað til athugasemda.

42. Vesturgata 30 - Niðurrif - USK24060133
Sótt er um leyfi til að rífa skúrbyggingar, hluta af mhl.01, allan mhl.02 og allan mhl.03 á lóð nr. 30 við Vesturgötu.

Afgreiðist samhliða erindi USK24060132, og fjallar um uppbyggingu á lóð.

Samskonar erindi BN057288 var samþykkt 10. mars 2020, en er fallið úr gildi og nú sótt um að nýju.

Niðurrif:

Mhl.01: 22,1 ferm., 55,25 rúmm.

Mhl.02: 29,5 ferm., 70,8 rúmm.

Mhl.03: 75,7 ferm., 208,9 rúmm.

Samtals niðurrif: 127,3 ferm., 334,9 rúmm.

Gjald kr. 15.400.

Frestað.Vísað til athugasemda.

Fundi slitið kl. 11:15

Brynjar Þór Jónasson

Edda Þórsdóttir
Guðrún Ósk Hrólfsdóttir

Sigurður Stefán Karlsson